

**Nd.** **18. Frumvarp til laga** [18. mál]  
um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 105/1936,  
um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 1. málsg. 5. gr. laganna falli niður orðin „eða í 1. málsl. 4. töluliðs.“

3. gr.

Í 5. gr. 1. nr. 105/1936 breytast orðin „1.—5. tölul.“ í : 1.—3. og 5. tölul.

4. gr.

Í 9. gr. 1. nr. 105/1936 falli niður orðin „og 1. málsl. 4. tölul.“

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánnum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði iðju-  
leyfis eða iðnaðar. Í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á  
almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun,  
sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað, sbr. þskj. 217, 1957.